

Með karlmannlegri hughreysti og hreinni trú¹

Karlmennska á miðöldum er ört vaxandi viðfangsefni fræðimanna og líta má á rannsóknir á karlmennsku sem beint framhald af feminískum rannsóknum undanfarinna áratuga. Nokkrar bækur og greinar hafa þegar birst um þetta efni, þar sem fræðimenn fjalla um og greina fjölbreytilegar birtingarmyndir karlmennsku á miðöldum.² Ein málstofa var helguð karlmennsku í miðaldabókmenntum á ráðstefnunni *Möguleikar karlmenskunnar* sem haldin var á vegum Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum í mars 2004. Carol Clover hefur fjallað um kyn og kyngervi í norrænum miðaldabókmenntum og byggir hún rannsókn sína aðallega á Íslendingasögum. Hún dregur þá ályktun að andstæðurnar *hvatr/blauðr* hafi mótað enn skarpari skil milli kyngerva en hið eiginlega kynferði. Fyrirmyndarkarlmaðurinn er *hvatr* og dæmigerð kona er *blauð*, en hvort kyn um sig getur færst yfir í sinn andstæða flokk. Fyrir konu var það upphefð, en við slíkan flutning var karlmennsku hins norræna manns stefnt í hættu. Ef hann var settur í félagslega stöðu konu fékk hann enn lægri sess en þær. Clover þykir andstæðurnar *hvatr/blauðr* eða *magilómagi* eiga betur við en *karll/kona* og telur að fyrirnefnd hugtök virki á sama hátt og kyngervi.³

Miðaldafræðingar hafa rannsakað karlmenn innan samfélags þar sem helstu karlmannleg gildi voru mæld í frammistöðu í bardögum og kynlífi. En til voru karlar sem ekki voru virkir á þessum sviðum, að minnsta kosti var ekki ætlast til þess að svo væri. Munkar héldu

¹ Titill þessarar greinar er fenginn úr *Mauricius sögu*, þýddri sögu um kristna riddara og píslarvotta sem varðveitt er í handriti frá síðari hluta 14. aldar, *Heilagra manna sögur* I 1877, 649.

² Leeds 1994; Hadley 1999; Cohen og Wheeler 2000; Cullum og Lewis 2005.

³ Clover 1993.

sig utan fyrrgreindra athafna. Kirkjan krafðist þess að prestar væru ókvæntir og var það eitt af því sem helst greindi þá frá leikmönnum. Þó að ekki hefði verið farið eftir þeirri kröfu á Norðurlöndum framan af var engu að síður ætlast til að prestar skæru sig úr fjöldanum. Krúnurakstur greindi þá frá öðrum karlmönnum í útliti og þeir máttu ekki bera vopn.⁴ Stofnlög erkibiskupsdæmisins í Niðarósi frá síðari hluta 12. aldar bönnuðu ekki að prestar væru kvæntir en enginn kvæntur maður mátti fá prestvígslu nema hann héldi skírlífi eftir vígsluna. Prestar nutu yfirleitt friðhelgi í átökum á Íslandi, en dæmi eru þó um að einhverjir hafi borið vopn. Enn fremur bjuggu margir með konum og áttu börn.⁵ Heinrekur Kársson Hólabiskup (1247–1260) var fyrstur biskupa til þess að halda fram kröfunni um ókvæni presta. Þegar Árni Þorláksson varð biskup í Skálholti (1269) var krafan um skírlífi klerka orðin staðreynd. Í kristinrétti hans segir hverjir megi ekki fá kvenna: klaustramenn, prestar, djáknar, súbdjárn, vitstolnir menn og geldingar.⁶

Þegar karlar haga lífi sínu ekki í samræmi við þær kröfur sem almennt eru gerðar til karla vekur það spurningar um karlmennsku þeirra og krefst jafnframt endurskýrgreiningar á henni.⁷ Sögur af dýrlingum segja frá karlmönnum sem hvorki stunda kynlíf né bardaga, en algengt er engu að síður að textarnir dragi fram karlmannlega eiginleika þeirra. Talsvert hefur verið fjallað um kvendýrlinga með kynjafræði að leiðarljósi en minna hefur verið um samskonar rannsóknir á frásögnum af karlkyns dýrlingum.⁸ Sögur af heilögum meyjum lýsa því hvernig meydómi þeirra er ógnað með ofbeldi og pyndingar beinast gegn kynferði þeirra.⁹ Karla er aftur á móti freistað með lystisemdum holdsins og þeir sýna styrk sinn með því að berjast gegn þeim.¹⁰ Jo Ann McNamara hefur bent á að frá 11. öld hafi skírlífi orðið að einni af dyggðum heilagra konunga. Þar má nefna Hinrik

⁴ *Grágás: Lagasafn íslenska þjóðveldisins* 1992, 18; Hjalti Hugason 2000, 245–246.

⁵ Gunnar F. Guðmundsson 2000, 51.

⁶ *Norges gamle love indtil 1387 V*, 38; Gunnar F. Guðmundsson 2000, 208–209.

⁷ McNamara 1994, 5.

⁸ Sjá þó Cullum og Lewis 2004.

⁹ Ásdís Egilsdóttir 1996.

¹⁰ Murray 2004.

II í Þýskalandi sem lifði í skírlífissambandi við Kunigunde, drottningu sína. Þau voru tekin í tölu dýrlinga á síðari hluta 12. aldar, fyrst Hinrik og síðan Kunigunde. Frásagnir af þeim upphefja mjög hreinlífi þeirra.¹¹ Allar sögugerðir um Magnús eyjajarl greina frá tíu ára hreinlífishjónabandi hans. Í *Orkneyingasögu*, sem talin er vera frá því um 1200, er hreinlífishjúskap Magnúsar eyjajarls lýst á þessa leið:

Byggði hann tíu vetur hjá henni, svo að hann spillti hvorskis þeirra losta og var hreinn og flekklaus allra saurlífissynda, og er hann kenndi freistni á sér, þá fór hann í kalt vatn og bað sér fulltings af guði.¹²

Í *Magnúss sögu lengri*, sem er frá byrjun 14. aldar, kemur enn fremur fram þörf til þess að réttlæta að Magnús hafi tekið sér konu. Samkvæmt þeirri sögugerð var tilgangurinn sá að hann vildi semja sig að síðum veraldlegra höfðingja, þar sem hann var einn þeirra, en „ekki að fullgera fýstir síns líkama.“¹³ Carl Phelpstead hefur fjallað um skýrgreiningu á karlmennsku konunglegra dýrlinga á Norðurlöndum og hefur kannað lýsingu Magnúsar í því samhengi. Hann veltir því fyrir sér hvort Magnús sé að taka á sig kvenlegt hlutverk í hjúskap sínum í því skyni að bæta fyrir að hafa áður verið í grimmu karlhlutverki víkingsins. Í lýsingu á konunglegum norrænum dýrlingum birtast andstæður: ofbeldisfullir víkingar og píslarvottar sem forðast ofbeldi. Jafnframt byggir lýsingin á hugmyndum um hinn réttláta konung og konunginn af guðs náð. Í ævisögum þeirra eru fjölbreytilegar og sveigjanlegar birtingarmyndir karlmennsku.¹⁴ Ólafur helgi birtist sem *miles Christi* (hermaður guðs) í svonefndri *Helgisögu*. Hann er í senn *miles Christi* og píslarvottur. Í hugmyndafræði krossferða var fyrirmyndarkrossfarinn sá sem barðist og lét lífið í baráttunni fyrir trúna, hann var því í senn píslarvottur og *miles Christi*.¹⁵

Í mörgum hinna þýddu heilagra manna sagna er lýst baráttu við freistingar holdsins. Dregið er fram að það er ekki fyrirhafnarlaust

¹¹ McNamara 1994, 10.

¹² *Orkneyinga saga* 1965, 108. Ég hef aðlagð allar tilvísanir að nútímastafsetningu. Leturbreytingar eru mínar út í gegn.

¹³ *Orkneyinga saga* 1965, 353.

¹⁴ Phelpstead 2003, 427.

¹⁵ Southern 1967, 49–62; Skovgaard-Petersen 2000, 281–302.

að halda skírlífi. Það er karlmannlegt að sigrast á freistingum og frá-sagnirnar beita tungumáli hernaðar þegar baráttunni við þær er lýst. Dæmisagnasafnið *Vitae patrum*, sem segir frá einsetumönnum, hefur að geyma margar lýsingar á slíkri baráttu. Þessi frásögn er úr síðari hluta sagnasafnsins:

Einn bróðir varð broddaður af óhreinsan svo beisklega, sem freistni-broddurinn væri brennandi eldur nótt og dag í hans hjarta. Hann *stríddi* svá *karlmannlega* í mót hugsan sinni að hann samþykktist henni aldregi og fyrir það hvarf freistnibroddurinn í brott frá honum um síðir og hélt eigi við fyrir hans *staðfesti*, birtist þá og í hjarta bróðurins guðlegt ljós.¹⁶

Alls voru fjórar gerðir af *Tómasar sögu* ritaðar frá síðari hluta 13. aldar og fram á 14. öld. Þetta eru þýðingar á mismunandi latínusögum og verður flókin textasaga þeirra ekki rakin hér. Aðeins ein gerðin hefur varðveist heil. Eftirfarandi dæmi eru úr *Thomas sögu* II, sem varðveist hefur í handriti frá því um 1400, *Tómasskinnu*, og hefur verið sett saman á 14. öld. Stefán Karlsson telur þessa sögugerð vera verk Arngríms Brandssonar sem jafnframt setti saman eina gerð *Guðmundar sögu*.¹⁷ Áður en Tómas var kjörinn biskup var hann *notarius* (ritari) konungs og stundaði þá veraldlegar skemmtanir. Látið er í það skína að drottinn hafi refsað honum fyrir þetta líferni, eða að minnsta kosti má líta svo á að hann hafi verið áminntur. Sagan segir frá því að hann hafi verið á fuglaveiðum með fálka en dottið í straumharða á sem stóð við myllu. Áin varð samstundis lygn og mylluhjólið stöðvaðist svo Tómasi varð ekki meint af. Um þennan atburð segir sagan:

En það má hver vitur maður hugleiða hversu dásamleg lof þeir mundu guði veita er hér sá upp á, hversu Thomas var leystur úr lífsháska, því að manns fullting mátti honum eigi gagna sakir urðar og ófæru sem fyrr var tjáð. Sannliga var þeim efni gefið að segja svo til himnakonungsins: Þú veist, drottinn minn, hvern þú hefir kjörið að *standa og stríða fyrir þínum herbúðum*.¹⁸

¹⁶ *Heilagra manna sögur* II 1877, 638.

¹⁷ Stefán Karlsson 2000b, 135–152.

¹⁸ *Thomas saga erkibiskups* 1869, 303–304.

Eftir þetta hverfur Tómas frá veraldarvafstri, gengur í þjónustu kirkjunnar og gerist erkidjárn í Kantaraborg. Hann átti þó eftir að snúa aftur til þjónustu við konung og gegna háum embættum í sjö ár, en sagan varpar ljósi á skírlífi hans þrátt fyrir glys og glaum hirðlífsins:

Svo skýrðu heilagir feður, að skírlífur klaustramaður merkist fyrir *riddara* þann, er geymir sitt góðs og líf í *luktri borg*. En sá maður er hreinlífist í veröldinni, þýðist fyrir þann *riddara*, er *vegur með sverði og skjöld á viðum velli*, og fær *málagjöf því fegri sem sigur er frægri*, því að forkunnlegri er sú list að standa óbrenndur á glóðinni en að firrast eldinn og vera óskaddur.¹⁹

En árið 1162 vantaði erkibiskup í Kantaraborg og Tómas varð fyrir valinu. Hann lenti í andstöðu við konung og leiddu deilurnar að lokum til þess að hann var myrtur í dómkirkjunni í Kantaraborg árið 1170. Hér er dæmi um lýsingu sögunnar á deilunum:

Nú af því líkri einurð rægist erkibiskup daglega fyrir konunginum, því að vel má segja, að heilagur Thomas stendur nú í *guðlegu stríði með svo sterkum skildi*, að hann fyrir býður undir banns þínu að lærðir menn sé skemmdir.²⁰

Í öllum þessum dæmum eru dregnar líkingar af hernaði og riddarskap og varpa þær ljósi á karlmennsku Tómasar.

Þorláks saga er fyrsta sagan af íslenskum dýrlingi og hefur varðveist í þremur gerðum auk brota úr latínutextum.²¹ Skírlífi Þorláks greinir hann bæði frá fyrirrennrum sínum og þeim sem tekur við af honum. Engar lýsingar eru á baráttu Þorláks við holdsins freistingar. Ættingjar hans vilja að hann kvænist en í draumvitrun er honum sagt að honum sé ætluð önnur æðri brúður, og með því er átt við að kirkjan komi honum í brúðar stað. Hann er þannig settur í hlutverk eiginmanns, sambærilegt við brúðarhlutverk heilagra meylla sem eiga brúðguma sinn á himnum. En þessi andlegu kynhlutverk eru ólík. Meyjarnar eru undirgefnar brúðir, en táknrænt eiginmannshlutverk

¹⁹ *Thomas saga erkibiskups* 1869, 308.

²⁰ *Thomas saga erkibiskups* 1869, 342.

²¹ Ásdís Egilsdóttir 2002, xxxi–lii, cix–cxxiv.

merkir oftast valdastöðu innan kirkjunnar. Deilumálin í *Þorláks sögu* snúast ekki hvað síst um siðferðismál og líferni biskups er andstæða þess sem hann berst gegn. Sem kirkjunnar maður ber Þorlákur ekki vopn eða tekur þátt í bardögum en sagan leggur áherslu á hugrekki hans þegar hann þarf að mæta andstæðingum sínum:

[Þ]ví er vel fallið þessu næst að með eiginlegu máli og atburðum heyrir þeir vottar er það prófa, hversu maklegur Þorlákur var að bera hirðisnafnið og reiknast eilíflega milli þeirra biskupa er fram fylgdu lögum almáttugs Guðs í fremsta megni og *eigi hlífðu heldur sjálfs síns líkama undan ofsóknar sverði*.²²

Ítarlegustu lýsingarnar á deilum Þorláks við höfðingja eru í svo nefndum *Oddaverjaþætti* í yngri gerðum sögunnar. Þar sýnir hann hugrekki og styrk:

Heimamenn löttu biskup út að ganga, hann, *öruggur ok óskelfdur* móti ótta vondra manna, svarar: „Ganga mun eg til kirkju sem eg er vanur. Ekki mun þessi maður gera mér til meins.“ [...] En hann sjálfur var *öruggur um sig og gerði aðra út af sér örugga, og hvorki óttaðist hann mannfjölda né vopnabúnað og reið óskjálfandi til fyrirbúinna fyrirsáta*.²³

Jóns saga er varðveitt í þremur gerðum eins og *Þorláks saga* en latínusagan er glötuð.²⁴ Jón Ögmundsson er ólíkur Þorláki að því leyti að hann átti að baki tvö hjónabönd. Í *S*-gerð sögunnar segir að hann hafi með hvorugri konunni átt börn „þau er úr barnæsku hafi komist eða vér höfum sögur frá heyrðar.“²⁵ *L*-gerð sögunnar, sem er frá 14. öld og hefur verið eignuð Bergi Sokkasyni, hnykkir á þessu og þar segir: „og er það margra manna ætlan að hann hafi með hvorugri líkamlega flekkast.“²⁶ Varðveittar gerðir *Jóns sögu* birta annars konar biskupsímynd en *Þorláks saga* og jafnframt annars konar karlmennsku. Þorlákur er strangur en helstu drættir í persónulýsingu Jóns eru mildi hans og blíða og þessir eiginleikar hans koma skýrar fram í

²² *Biskupa sögur* II 2002, 163.

²³ *Biskupa sögur* II 2002, 176–177.

²⁴ Foote 2003, ccxiv–cclii.

²⁵ *Biskupa sögur* I 2003, 191.

²⁶ Foote 2003, ccxcvii–ccxcviii; *Biskupa sögur* I 2003, 191.

L-gerð sögunnar.²⁷ Þeir Þorlákur og Jón sýna vald sitt með mismunandi hætti. Báðir eru eins og biskupum sæmir sífellt að aga menn og leiðbeina þeim, Þorlákur með strangleika en Jón með blíðu.

Guðmundur Arason var biskup á ófriðartímum 13. aldar, Sturlungaöld. Enda þótt fram komi samúð með þeim sem þurftu að þola ofbeldi í *Íslendingasögu* Sturlu Þórðarsonar, helsta riti Sturlungu, eru karlmannlegar dyggðir, hreysti, sæmd og hugrekki þar í hávegum hafðar.²⁸ En helgisöguleg ritun um Guðmund er afsprengi 14. aldar. Þá voru ritaðar af honum samtals fjórar sögur (*Guðmundar saga* A–D). Bergur Sökkason er líklega höfundur *Guðmundar sögu* C²⁹ og *Guðmundar saga* D er eftir Arngrím Brandsson.³⁰ Sögurnar sýna hugrekki og vald biskups en jafnframt varnarleysi um leið og hernaðarbrölt andstæðinganna er fordæmt, einkum í *Guðmundar sögu* D. Þegar bernskuleikjum Guðmundar er lýst í *Guðmundar sögu* A og C er æskuvininum Guðmundi Arasyni og Ögmundi Þorvarðssyni lýst sem andstæðum:

Guðmundi var gjör mítra og bagall og messuföt, kirkja og alteri og skyldi hann vera biskup þeirra ávallt í leikum þeirra, en Ögmundi var gjör eyx og skjöldur og vopn, og skyldi hann vera hermaður.³¹

Svipað orðalag er í *Guðmundar sögu* C og þar er bætt við: „Var þessi barna <leikur> sönn forspá um hvorntveggja þeirra frænda eftir því sem síðar kom fram.“³² Þessi samanburður á þeim leikbræðrum er hinsvegar ekki í *Guðmundar sögu* D. *Guðmundar saga* A og C lýsa söknuði hans eftir Þorgeir Brandsson, son Brands Hólabiskups, en hann lést skömmu eftir að Guðmundur var vígður prestur. Í kjölfar

²⁷ Ég hef áður fjallað um þessa lýsingu Jóns með hliðsjón af rannsóknum Caroline Walker Bynum á móðurímynd Jesú í ritum sistersíana, sem þeir yfirfærðu síðan á lýsingar á biskupum og ábótum. Ásdís Egilsdóttir 1996, 107–115, Bynum 1982, 110–169.

²⁸ Ármann Jakobsson 1994, Gunnar Karlsson 1988.

²⁹ Ég þakka Stefáni Karlssyni fyrir að hafa leyft mér afnot af uppskrift sinni af *Guðmundar sögu* C, en hún er enn óprentuð.

³⁰ Stefán Karlsson 2000a, 153–171.

³¹ *Guðmundar sögur biskups* I 1983, 35.

³² *Guðmundar saga* C, kap. 12.

andláts Þorgeirs varð Guðmundur ákafur trúmaður. Í *Guðmundar sögu* A segir: „Marga hluti tók hann þá upp til trú sér er engi maður vissi áður að né einn maður hafi gert áður hér á landi.“³³ Í þessu samhengi greinir *Guðmundar saga* C frá skírlífi Guðmundar:

Marga hluti tók hann upp í trúbrögðum og meinlætum og margháttaðu bindindi að engi vissi nokkurn hafa fyrir honum gjört, *mæðandi sinn líkam miklu harðlífi, karlmannlega stríðandi mót mörgum holdsins girndum*.³⁴

Í *Guðmundar sögu* D kemur sorg Guðmundar eftir lát Þorgeirs ekki við sögu en þar er lögð áhersla á að skírlífi Guðmundar sýni jafnframt ögun og staðfestu. Þannig lýsir hann hinum unga og nývígða presti:

En hvað munum vér bréfa af því siðferði, sem guð prýddi hann með í þessum kennimanns dómi, utan það í fyrstu að hann *samdi sínar lendar með linda skírlífis*, svo að ei um aldur var honum kona kennd né eignuð, því svo að hann *lærði líkamann með föstum og fáheyrðu aðhaldi að þjóna andanum*.³⁵

Þegar Guðmundur hefur verið kjörinn biskup fer hann á fund Úlfrúnar einsetukonu á Þingeyrum. Sagt er að einsetukonan hafi engan karlmann viljað sjá, ekki einu sinni son sinn, sem þó var vígður kennimaður. Hún gerir undantekningu þegar Guðmundur á í hlut og vill hitta hann. Nunnan er reyndar ónafngreind í sögu Arngríms, en þannig segir hann frá orðum hennar þegar hún hvetur Guðmund til dáða:

Búðu hjarta þitt til *mannrauna*, ger *karlmannlega*, og *styrkst* í drottni [...] og *set í frá þér allan ótta*, ber þig æ glaður í *guðlegt stríð*, því að krúnan er æ því fegri sem *sigurinn* er frægari.³⁶

Texti Arngríms leggur hér áherslu á karlmennsku, hugrekki, stríð og sigur. Ekkert slíkt kemur fram í sambærilegum texta í *Guðmundar sögu* A en karlmannleg gildi er að finna í *Guðmundar sögu* C:

³³ *Guðmundar sögur biskups* I 1983, 62.

³⁴ *Guðmundar saga* C, kap. 22.

³⁵ *Biskupa sögur* II 1878, 13.

³⁶ *Biskupa sögur* II 1878, 46.

„og því skaltu,“ segir hún til Guðmundar, „eigi undan fara, því að honum þykir þú maklegur þeirrar *sæmdar* og þó að þér gengi margt í móti, stattu sem *drengilegast*, því að þitt verðkaup er æ því meira fyrir Guði sem þú þolir fleira fyrir Guðs skyld.“³⁷

Mismikið er því gert úr hinu karlmannlega í íslensku játarasögunum og hefur *Jóns saga* þar nokkra sérstöðu, eins og fyrr segir. Móðurleg ímynd hans er þó engu að síður valdsmannsleg. Hugsanlega má greina enduróm frá skrifum Benediktínans Anselmusar frá Kantaraborg og fylgismanna hans í lýsingu Jóns biskups í *L-gerð* sögunnar, þar sem megináhersla er lögð á kærleiksrika umönnun og samþíningu, *compassio*.³⁸ Hugmyndir Anselmusar fengu hljómgrunn meðal sistersíana á 12. öld. Þeir töldu að ákveðin persónuleika- og hlutverkaeinkenni tilheyrðu hvoru kyni um sig. Þannig væru mildi og blíða kvenleg eða móðurleg, en vald og strangleiki karlmannleg og föðurleg. Þessir eiginleikar töldust þó ekki bundnir við líffræðilegt kyn, heldur áttu þeir einnig að geta færst milli kynja.³⁹

Innflutningur á kristnum hugmyndum og textum hafði í för með sér einskonar endurskipulagningu á kyngervum. Tárfeðlandi munkar og yfirlíðsgjarnir riddarar urðu þá hluti af norrænu menningarlandslagi. Þannig náði karlmennska yfir svæði sem áður tilheyrði „kvenlegum körlum“ í niðrandi merkingu. Þannig getur lýsing Njáls verið gott dæmi um hinn nýja kristna karlmann, eiginleikar hans hefðu ýtt honum til hliðar í gamla kerfinu. Hann er vopnlaus eins og biskup en talar eins og sá sem valdið hefur.⁴⁰ Þeir textar sem hér hafa verið til umfjöllunar sýna, með fjölbreytilegum birtingarmyndum karlmennskunnar, að þeir óvenjulegu karlar, sem þar eru í aðalhlutverki, séu engu að síður karlmenn.

³⁷ Guðmundar saga C, kap. 51.

³⁸ Ásdís Egilsdóttir 1996, 109–116; Bynum 1982, 119–169.

³⁹ Bynum 1982, 148.

⁴⁰ Clover 1993, 385–386.

Heimildir

- Ármann Jakobsson. 1994. „Sannyrði sverða.“ *Skáldskaparmál* 3: 42–78.
- Ásdís Egilsdóttir. 1996. „Kvendýrlingar og kvenímynd trúarlegra bókmennta á Íslandi.“ Í *Konur og kristsmenn. Þættir úr kristnisögu Íslands*, ritstj. Inga Huld Hákonardóttir, 91–116. Reykjavík: Háskólaútgáfan. [Einnig í þessu riti, bls. 181–202.]
- Ásdís Egilsdóttir. 2002. Formáli að *Biskupa sögur* II, útg. Ásdís Egilsdóttir. Íslensk fornrit 16, lxxviii–xcv. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Biskupa sögur* I–II. 1858–1878. Útg. Guðbrandur Vigfússon og Jón Sigurðsson. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Biskupa sögur* I. 2003. Útg. Sigurgeir Steingrímsson, Ólafur Halldórsson og Peter Foote. Íslensk fornrit 15. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Biskupa sögur* II. 2002. Útg. Ásdís Egilsdóttir. Íslensk fornrit 16. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Bynum, Caroline Walker. 1982. *Jesus as Mother. Studies in the Spirituality of the High Middle Ages*. Berkely/London: University of California Press.
- Clover, Carol. 1993. „Regardless of Sex. Men, Women, and Power in Early Northern Europe.“ *Speculum: A Journal of Medieval Studies* 68(2): 363–387.
- Cohen, Jeffrey Jerome og Bonnie Wheeler, ritstj. 2000. *Becoming Male in the Middle Ages*. New York and London: Garland Publishing.
- Cullum, P.H. og Katherine J. Lewis, ritstj. 2005. *Holiness and Masculinity in the Middle Ages*. Toronto: University of Toronto Press.
- Foote, Peter. 2003. Formáli að *Jóns saga belga*, í *Biskupa sögur* I, útg. Sigurgeir Steingrímsson, Ólafur Halldórsson og Peter Foote, ccxiii–cccxxi. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Grágás: Lagasafn íslenska þjóðveldisins*. 1992. Útg. Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mördur Árnason. Reykjavík: Mál og menning.
- Guðmundar saga* C. Óútgefin uppskrift Stefáns Karlssonar.
- Guðmundar sögur biskups I: Ævi Guðmundar biskups, Guðmundar saga* A. 1983. Útg. Stefán Karlsson. Kaupmannahöfn: C.A. Reitzel.
- Gunnar F. Guðmundsson. 2000. *Kristni á Íslandi II: Íslenskt samfélag og Rómarskirkja*. Reykjavík: Alþingi.
- Gunnar Karlsson. 1988. „Siðamat Íslendingasögu.“ Í *Sturlustefna*, ritstj. Guðrún Ása Grímsdóttir og Jónas Kristjánsson, 204–221. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar.
- Hadley, D.M. ritstj. 1999. *Masculinity in Medieval Europe*. London/New York: Longman.
- Heilagra manna sögur* I–II. 1877. Útg. C.R. Unger. Christiania.
- Hjalti Hugason. 2000. *Kristni á Íslandi I: Frumkristni og upphaf kirkju*. Reykjavík: Alþingi.
- Lees, Clare A., ritstj. 1994. *Medieval Masculinities. Regarding Men in the Middle Ages*. Minneapolis/London: University of Minnesota Press.
- McNamara, Jo Ann. 1994. „The *Herrenfrage*. The Restructuring of the Gender Sys-

- tem, 1050–1150.“ Í *Medieval Masculinities. Regarding Men in the Middle Ages*, ritstj. Clare A. Lees, 3–29. Minneapolis/London: University of Minnesota Press.
- Murray, Jaqueline. 2004. „Masculinizing Religious Life: Sexual Prowess, the Battle for Chastity and Monastic Identity.“ Í *Holiness and Masculinity in the Middle Ages*, ritstj. P.H. Cullum og Katherine J. Lewis, 24–42. Toronto: University of Toronto Press.
- Norges gamle love indtil 1387. 1846–1895.* Útg. Rudolf Keyser, Gustav Storm, Peter Andreas Munch og Ebbe Hertzberg. Christiania: Det kongelige norske videnskabsers selskab.
- Orkneyinga saga; Legenda de sancto Magno; Magnúss saga skemmri; Magnúss saga lengri; Helga þáttur ok Úlfs.* 1965. Útg. Finnboði Guðmundsson. Íslensk fornrit 34. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Phelpstead, Carl. 2003. „Masculinity and Sexuality in Sagas of Scandinavian Royal Saints. Scandinavia and Christian Europe in the Middle Ages.“ Í *Scandinavia and the Christian Europe in the Middle Ages: Papers of the 12th International Saga Conference, Bonn/Germany 28th July–2nd August 2003*, ritstj. Rudolf Simek og Judith Meurer, 421–428. Bonn: Universität Bonn.
- Skovgaard-Petersen, Karen. 2000. „Korstogstematik i Historia de Profectione Danorum in Hieroslymam.“ Í *Olavslegenden og den latinske historieskrivning i 1100-tallets Norge*, ritstj. Inger Ekrem, Lars Boje Mortensen og Karen Skovgaard-Petersen, 421–428. Kaupmannahöfn: Museum Tusulanum.
- Southern, Richard W. 1967. *The Making of the Middle Ages*. London: Pimlico.
- Stefán Karlsson. 2000a. „Guðmundar sögur biskups: Authorial Viewpoints and Methods.“ Í *Stafkrókar: Ritgerðir eftir Stefán Karlsson gefnar út í tilefni af sjötugsafmæli hans 2. desember 1998*, ritstj. Guðvarður Már Gunnlaugsson, 153–171. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar. Birtist fyrst í *The Sixth International Saga Conference Workshop Papers I–II* (Kaupmannahöfn: Arnamagnæanske Institut, Københavns universitet, 1985).
- Stefán Karlsson. 2000b. „Icelandic Lives of Thomas à Becket: Questions of Authorship.“ Í *Stafkrókar: Ritgerðir eftir Stefán Karlsson gefnar út í tilefni af sjötugsafmæli hans 2. desember 1998*, ritstj. Guðvarður Már Gunnlaugsson, 135–152. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar. Birtist fyrst í Peter Foote, Hermann Pálsson og Desmond Slay, ritstj. *Proceedings of the First International Saga Conference* (London: Viking Society for Northern Research, 1973).
- Thomas saga erkbiskups.* 1869. Útg. C.R. Unger. Christiania.